



Ó.K. Þorvarðarson, Sundhöll Reykjavíkur, bréf til launamálanefndar bæjarins 6. september 1938

Bjarni Benediktsson – Ó.K. Þorvarðarson, Sundhöll Reykjavíkur, bréf til launamálanefndar bæjarins 6.
september 1938

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR

REYKJAVÍK, 6. september 1938.
ÍSLAND

Útaf brófi yðar dags. 29. f.m., ásamt meðfylgjandi uppkasti að flokkun starfsmanna í fyrirhugaðri launasanþykkt bæjarins, vil ég hér með, að athuguðu máli, láta yður í té eftirfarandi breytinga- og viðbótartillögur, er ég tel nauðsyn á að nefndin taki til athugunar:

Yður til hagræðis, mun ég þá fyrst taka fram, hvornig störfun er skipt og hve margt starfar við Sundhöllina.

1. Karlar.

Forstjóri	{ 1
Sundkennari	{ 1
Umsjónarmenn (húsvörðir)	{ 2
Varðmenn við laugina	{ 2
Starfsmenn í restisal	{ 2
Starfsmenn við klefavörslu	{ 4

Santals 12 karlar

2. Konur.

Sundkennari	{ 1
Starfskona í kvottahúsi	{ 1
Starfsstúlkur í restisal	{ 2
Starfsstúlkur við klefavörslu	{ 4
Húðasöluþúlkur	{ 2
Starfsstúlkur í afgreiðslunni	{ 2

Santals 12 konur

Af þessu starfsfólki, er hér að framan greinir hafið þér nú þegar tekið upp, launaflokkakerfi þetta, eftirtalda starfsmenn: forstjóra, umsjónarmenn og varðm. við laugina. Og vil ég útaf þeim ráðstöfunum, er þar hafa verið gerðar, aðeins benda á það, að ég tel réttara og samgjarnt að umsjónarmenn verði færðir í flokk fyrir ofan varðmenn við laugar, þar sem umsjónarn. auk þess að vera yfirmenn þeirra, þá eru þeir vaktstjórar og hafa eftirlit með vólum Sundhallarinnar o. fl.

Þá vil ég leggja eftirfarandi til, um það af starfsfólkinu sem óráðstafað er með:

Sundkennarar. Virðist mér einna helst koma til greina að þeir verði settir í VI. fl., með þeirri athugasemd að senja beri nánar um vinnutímabjöldu á árinu og skiptingu hans. Og verði þá haft til hlidsjónar að nokkra leyti kjör íþróttakennara við barnaskóla bæjarins og vinnutíma þeirra.

SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR

REYKJAVÍK, 6. september 1938.
 ÍSLAND

(2.)

Starfsmenn í rættisál og starfsmenn við klefavörslu.
 (karlar). Fyrir þessa starfsmenn tel ég vera þörf á að mynda nýjan flokk, og verði það X. fl. með launakjörum á sama grundvelli og I. fl. og IX. fl. (X.fl. sem nú er, verði XII. fl.). Þá vildi ég taka það fram í sambandi við þessa tillögu, að það virðist vera sanngjarnt og réttmætt, að fastir verkamenn þar með taldir sótarar og kyndarar, séu í hærri launaflokki en þessir starfsmenn Sundhallarinnar, þar sem þeir vinna erfibari, óhollari og óhættusamari vinna. En hjá hvorugum aðila er að ræða um sérþekkingu á störfum, eins og yður mun kunnugt um. - Þó vildi ég mega bæta því við, að ég tel sanngjarnt, ef hægt er að koma því við, að starfsmenn í rættisál hafi lítið eitt hærri laun heldur en starfsmenn við klefavörslu, vegna þess, að það er heldur verri vinna í rættisál.

Starfestúlkar Sundhallarinnar, eins og nánar greint
 hér að framan, (fyrir utan sundkennara) komi allar í einn flokk, og legg ég til að það verði nýr flokkur þ.e.a.s. verði XI. fl. Með launakjörum á sama grundvelli og launakjör eru í I. og IX. fl. í sambandi við þennan flokk vildi ég einnig benda á, að heppilegt væri ef hægt er, að láta starfestúlkar í rættisál og starfskomu í þvottahúsi hafa lítið eitt hærri laun heldur en hinar.

Hlunnindi. Þá vildi ég um leið láta yður í té upplýsingar um það hver hlunnindi starfsfólk Sundhallarinnar hefir haft umfram fóst laun og hverjir hafa haft þau. Umsjónarmaðurinn Bergsv. Jónsson var upphaflega ráðinn einn sem húsvörður, og hefir því íbúð í Sundh. og önnur þau þegindi, er venja hefir verið að láta fylgja með hjá slíkum starfsmönnum bæjarins, auk þess hefir honum verið lagt til vinnuföt. Þá hefir öllum öðrum starfsmönnum, fyrir utan forstjóra og sundkennara, verið lagt til vinnuföt og þvoitur á þeim á hverjum tíma.

Ef þér óskid frekari upplýsinga viðvíkjandi þessu máli, er ég að sjálfsögðu til reiðu hvenær sem er, ef ég gæti veitt meiri aðstoð í því.

Virðingarfyllt,

Ó. K. Þorvarðarson.
 (sigri).

Til
 Launamálanefndar bæjarins,
 Rvk.